

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík

Reykjavík 8. apríl 2024

**Efni: Umsögn Sjúkratrygginga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (bifreiðastyrkir), 154. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis**

Sjúkratryggingar Íslands vekja athygli á eftirfarandi á þáttum sem lúta að tíðni styrkveitinga sem komu fram í skýrslu starfshóps um stuðningskerfi til að auðvelda för hreyfihamlaðs fólks sem útgefin var árið 2014:

D styrkur til bifreiðakaupa.

Markhópur: Mikið hreyfihamlaðir einstaklingar (ekki skilyrði um lífeyri) sem þurfa sérútbúna og dýra bíla ásamt sérstökum stýribúnaði. Markmið: Styrkur til að mæta kostnaði við kaup á dýrum bílum til eigin nota vegna sérstaks búnaðar sem setja þarf í bílinn, ásamt sérstökum stýribúnaði. **Greiðist á átta ára fresti.** Lagt er til að styrkur sá sem nú nemur 50–60% af kaupverði en að hámarki 5.000.000 kr. til þeirra sem þurfa dýra bíla vegna sérstaks búnaðar sem setja þarf í bílinn ásamt sérstökum stýribúnaði nemi 60% af kaupverði en 6.000.000 kr. að hámarki og verði nefndur D styrkur.

Þegar um D styrk er að ræða er um mjög viðamiklar, tímafrekar og kostnaðarsamar breytingar að ræða og bílarnir í einhverjum tilfellum ekki það mikið keyrðir að það sé þörf á endurnýjun á 5 ára fresti. Það er líka rosalegur kostnaður við að breyta bílnum til baka.

Virðingarfyllt

